

STARFSLEYFI
fyrir móttöku og flokkun á heimilisúrgangi, pappír og plasti
ásamt jarðgerð heimilisúrgangs
að Vetrarbraut 21-23 Siglufirði
kt. 450907-0220

Gefið út af Umhverfisstofnun í samræmi við ákvæði eftirtaldrá laga og reglugerða: lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerð nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, lög nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs og reglugerð nr. 737/2003, um meðhöndlun úrgangs.

1. ALMENN ÁKVÆÐI

1.1. Rekstraraðili

Starfsleyfi þetta gildir fyrir Seyru ehf., kt. 450907-0220, vegna móttöku og flokkunar heimilisúrgangs, móttöku á flokkuðum pappírs-, pappa- og plastúrgangi frá fyrirtækjum og jarðgerð lífræns heimilisúrgangs að Vetrarbraut 21-23, Siglufirði. Komi nýr aðili að rekstri staðarins getur hann sótt um að starfsleyfið verði fært yfir á hann, án þess að gefið verði út nýtt starfsleyfi, sbr. 27. gr. reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Seyra ehf. er hér eftir nefnd rekstraraðili.

Rekstraraðila ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir á starfssviði sínu á hverjum tíma.

1.2. Umfang starfseminnar

Heimilt er að taka á móti allt að 400 tonnum af heimilisúrgangi á ári auk þess allt að 100 tonnum af flokkuðum pappírs-, pappa- og plastúrgangi frá fyrirtækjum. Þá er heimilt að jarðgera allt að 200 tonn af lífrænum heimilisúrgangi sem berst auk stoðefnis svo sem timbers og garðaúrgangs.

1.3. Endurnotkun og endurnýting úrgangs

Rekstraraðili skal í samræmi við stefnu stjórnvalda markvísst vinna að nýtingu úrgangs, t.d. með endurnotkun eða endurnýtingu þ.e. orkuvinnslu, endurvinnslu, jarðgerð og gasvinnslu. Ef endurnotkunar- og endurnýtingarmöguleikar eru fyrir hendi skal koma úrgangi í slíka vinnslu ef kostur er.

1.4. Breytingar á rekstri

Rekstraraðili skal veita Umhverfisstofnun upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á rekstrinum með góðum fyrirvara áður en ráðist verður í þær.

1.5. Stöðvun rekstrar

Verði rekstri hætt, tímabundið eða varanlega, skal gera ráðstafanir til þess að úrgangi, efnum og búnaði verði fargað á viðurkenndan hátt. Áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar skal skila til Umhverfisstofnunar og heilbrigðisnefndar eigi síðar en **1. apríl 2009**. Tilkynna skal eftirlitsaðila innan mánaðar um stöðvun rekstrar og ráðstafanir þar að lútandi, þannig að taka megí út frágang strax að verki loknu.

Unnið skal samkvæmt neyðaráætlun um meðhöndlun úrgangs, sbr. gr. 5.7 í starfsleyfinu, ef kemur til óvæntrar stöðvunar á rekstri stöðvarinnar.

1.6. Gangsetning

Tilkynna skal eftirlitsaðila um að móttaka á lífrænum úrgangi og jarðgerð hafi hafist að nýju ef starfsemin hefur legið niðri í meira en mánuð.

1.7. Endurskoðun starfsleyfis

Endurskoða skal starfsleyfið að jafnaði á fjögurra ára fresti, sbr. 20. gr. reglugerðar nr. 785/1999. Ef mengun af völdum starfseminnar er meiri en búast mátti við, fram koma nýjar reglur um mengunarvarnir eða ef breytingar verða á rekstri eða á bestu fánlegu tækni skal rekstraraðili, í samráði við Umhverfisstofnun, hrinda í framkvæmd áætlun um að draga úr mengun. Ef áætlunin skilar ekki tilætluðum árangri getur Umhverfisstofnun krafist frekari aðgerða til úrbóta og endurskoðun starfsleyfis, sbr. 21. gr. reglugerðarinnar. Rekstraraðili skal sækja um nýtt starfsleyfi ef nauðsyn krefur að mati Umhverfisstofnunar.

2. VARNIR GEGN MENGUN YTRA UMHVERFIS

2.1. Móttaka og skráning úrgangs

Rekstraraðili skal skrá magn og gerð þess úrgangs sem tekið er á móti í stöðinni í samræmi við reglugerð nr. 184/2002 um skrá yfir spilliefni og annan úrgang. Úrgangi sem ekki samræmist móttökuskilyrðum staðarins skal hafnað.

2.2. Meðhöndlun spilliefna

Rekstraraðila ber að tryggja að engin spilliefni séu í þeim úrgangi sem tekið er á móti til jarðgerðar eða böggunar. Í því skyni skal rekstraraðili kanna reglulega úrgang sem berst móttökustaðnum. Spilliefnum sem kunna að berast móttökustöðinni skal komið til viðurkenndrar spilliefnamóttöku.

2.3. Daglegur frágangur

Að loknum vinnudegi skal ganga svo frá að allur lífrænn úrgangur sem borist hefur og ætlaður er til jarðgerðar sé kominn í vinnslu og búið að ganga frá öðrum úrgangi þannig að hann valdi ekki ónæði, ólykt eða hættu og sé varinn fyrir ágangi meindýra. Óheimilt er að geyma óunninn úrgang á lóð fyrirtækisins.

Sé ekki hægt að byrja jarðgerð lífræns úrgangs samdægurs skal tryggja að hann valdi ekki ólykt og að hann sé varinn fyrir ágangi meindýra með því að geyma hann í lokuðum ílátum innandyra.

Baggaðan úrgang skal annaðhvort geyma innandyra eða í lokuðum ílátum á lóð rekstraraðila þar til hann er fluttur til förgunar, endurnýtingar eða endurvinnslu.

2.4. Frárennsli

Skólþ og frárennsli frá salernum og hreinlætisaðstöðu skal leitt í fráveitukerfi sveitarfélagsins. Gangu skal þannig frá að ekkert fari í fráveitukerfið frá vinnslusvæðinu annað en það sem fellur til við venjuleg þrif.

Fari niður fita, olíur eða annar fljótandi úrgangur á vinnslusvæðinu skal hreinsa það strax upp eins og kostur er áður en það berst í fráveitukerfið.

3. JARÐGERÐ LÍFRÆNS HEIMILISÚRGANGS

3.1. Jarðgerð

Lífrænn úrgangur skal tættur og síðan jarðgerður i jarðgerðarvél sem staðsett er inni í húsnæði rekstraraðila. Rekstraraðila er skylt að skrá magn lífræns úrgangs og stoðefna sem notuð eru við jarðgerðina. Einnig skal skrá viðbótarefni sem notuð eru í hverja jarðgerðarlotu. Skrá skal hitastig hverrar jarðgerðarlotu daglega. Leiða skal loft frá jarðgerðarvél út í gegnum 50 m háan skorstein. Eftirlitsaðili skal hafa aðgang að skráningum þegar þess er óskað.

3.2. Proskun afurða

Öll vinnsla moltu skal fara fram innan dyra og allar afurðir skulu geymdar innan dyra eða í lokuðum ílátum á lóð rekstraraðila þannig að ekki berist ólykt til nágretta eða meindýr geti komist að.

Við notkun skal moltan uppfylla kröfur um efna- og smitberainnhald í samræmi við gildandi kröfur þar um.

4. INNRA EFTIRLIT FYRIRTÆKISINS

4.1. Skráningar

Rekstraraðili skal hafa reglulegt eftirlit með umhverfis- og rekstarþáttum sem geta haft áhrif á mengun eða losun efna út í umhverfið. Skrá skal upplýsingar um eftirfarandi atriði og skulu skráningar vera aðgengilegar eftirlitsaðila:

- Magn og gerð úrgangs sem tekið er á móti og ráðstöfun hans.
- Magn úrgangs og stoðefna sem tekið er til jarðgerðar
- Magn og gerð spilliefna sem skilað hefur verið til móttökustöðvar ásamt staðfestingu flutningsaðila og/eða móttökustöðvar.

4.2. Upplýsingar til eftirlitsaðila

Rekstraraðili skal skrá eftirfarandi og senda í formi samantektar fyrir síðasta almanaksár til Umhverfisstofnunar eigi síðar en 1. apríl ár hvert:

- Upplýsingar úr rekstri hreinsimannvirkja. Hér er átt við magn og gerðir tilfallandi efna úr grófhreinsun og hvernig þeim er fargað
- Sýnatökur og niðurstöður mælinga á mengunarefnum
- Magn og tegundir úrgangs sem berast móttökustöðinni
- Magn lífræns úrgangs og stoðefna sem fer til jarðgerðar
- Magn og tegundir úrgangs sem fara til annarrar endurnýtingar/endurvinnslu
- Magn og tegundir úrgangs sem fara til urðunar og hvert
- Magn og tegundir úrgangs sem fara til annarrar förgunar

Sé ofangreindar upplýsingar að finna í ársskýrslu rekstraraðila má senda þær Umhverfisstofnun í stað sérstakrar samantektar fyrir síðasta almanaksár. Upplýsingar þessar skulu vera aðgengilegar eftirlitsaðila hvenær sem er.

5. EFTIRLIT OG GÆÐAMARKMIÐ

5.1. Sýnataka og mælingar

Umhverfisstofnun getur krafist frekari hreinsunar og mælinga á fráveituvatni frá starfseminni ef ætla má að mengun sé yfir mörkum sem sett eru fyrir fráveitu sveitarfélagsins.

5.2. Hávaði

Takmarka skal hávaða frá starfseminni í samræmi við reglugerð nr. 933/1999 um hávaða.

5.3. Umhverfismarkmið

Rekstraraðili skal setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim. Velja má staðlað umhverfisstjórnunarkerfi, t.d. ÍST EN ISO 14001:1996 eða þátttöku í umhverfismálakerfi ESB, sbr. reglugerð nr. 990/2005 um frjálsa þátttöku fyrirtækja og stofnana í umhverfisstjórnunarkerfi bandalagsins (EMAS), eða starfa samkvæmt eigin kerfi.

5.4. Umhverfi

Halda skal athafnasvæðinu snyrtilegu. Það skal girt af, aðgangur að móttökustaðnum takmarkaður, og skulu hlið vera lokað nema þegar starfsemi fer fram. Fara skal þannig með allan úrgang við flutning, endurnýtingu eða aðra meðhöndlun að tryggt sé að hann valdi hvergi óþrifnaði eða ónæði, svo sem foki úrgangsefna, ryki, ólykt eða hávaða.

5.5. Viðbragðsáætlanir

Rekstraraðili skal útbúa viðbragðsáætlanir til þess að taka á hugsanlegri hættu vegna bráðamengunar. Tryggja skal að starfsfólk hafa fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það vinnur með og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar. Viðbragðsáætlunin skal vera aðgengileg eftirlitsaðila.

5.6. Tilkynning vegna mengunarslysa

Verði óhapp eða slys sem hefur í för með sér losun mengandi efna í umhverfið skal þegar í stað grípa til aðgerða skv. viðbragðsáætlun, til þess að fyrirbyggja að mengun valdi skaða á umhverfi. Tilkynna skal Umhverfisstofnun um tilfelli þar sem hættu er á bráðamengun. Verði bilun í mengunarvarnabúnaði skulu þegar í stað hafnar nauðsynlegar lagfæringar. Slík atvik skal tilkynna til eftirlitsaðila sem metur hvort þörf sé frekari aðgerða.

5.7. Neyðaráætlun

Útbúa skal neyðaráætlun um meðhöndlun úrgangs á athafnasvæði rekstraraðila til að fara eftir, ef kemur til óvæntrar stöðvunar á rekstri móttökustöðvarinnar. Neyðaráætlunin skal innihalda tillögur um meðferð úrgangs þann tíma sem móttökustöðin er ekki í notkun.

5.8. Samráðsfundur

Rekstraraðili skal á fjögurra ára fresti boða fulltrúa Umhverfisstofnunar og hlutaðeigandi heilbrigðisnefndar á samráðsfund til að undirbúa endurskoðun starfsleyfis. Þessir aðilar geta þó boðið oftari til samráðsfundar ef ástæða þykir til. Á samráðsfundum verði m.a. rætt um rekstur móttöku- og jarðgerðarstöðvarinnar, endurskoðun mæliáætlana, hugsanlegar breytingar á starfsleyfi þessu svo og önnur atriði er kunna að hafa komið upp og fulltrúar áðurnefndra aðila telja ástæðu til að ræða.

5.9. Eftirlit og fleira

Umhverfisstofnun hefur eftirlit með starfsemi rekstraraðila. Umhverfisstofnun getur falið öðrum framkvæmd hluta eftirlits í samræmi við ákvæði gr. 7.4 og 9.1 í reglugerð nr. 786/1999, um mengunarvarnaeftirlit, og ákvæði 4. gr. reglugerðar nr. 738/2003, um urðun úrgangs.

Viðbragðsáætlun og neyðaráætlun skulu sendar Umhverfisstofnun fyrir 1. janúar 2009. Eintak af starfsleyfi þessu skal ávallt tiltækt á vinnustað.

6. GJALDSKYLDA

6.1. Gjaldskylda

Starfsemi þessi er flokkuð í 3. eftirlitsflokk samkvæmt fylgiskjali 1 í reglugerð nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Rekstraraðili greiðir Umhverfisstofnun gjald vegna útgáfu og kynningar starfsleyfisins og greiðir eftirlitsaðila gjald vegna reglubundins eftirlits skv. gjaldskrá eftirlitsaðila. Gjald vegna viðbótareftirlits, vegna vanefnda eða rökstuddra kvartana greiðist sérstaklega.

7. GILDISTAKA

7.1. Gildistaka

Starfsleyfi þetta, sem er veitt samkvæmt reglugerð nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, sbr. lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerð um meðhöndlun úrgangs nr. 737/2003, sbr. lög nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs, öðlast þegar gildi. Starfsleyfið gildir í 12 ár frá útgáfudegi þess. Starfsleyfi þetta skal endurskoðað 4. ára fresti, sbr. gr. 1.6 starfsleyfis þessa.

Reykjavík, 19. nóvember 2008

Umhverfisstofnun

Kristín Linda Árnadóttir

Gunnlaug Einarsdóttir